



Trúarbrögðin okkar

Kennsluleiðbeiningar

Efnisyfirlit

Markmið	3	Fleiri kennsluhugmyndir	13
Leiðir	3	Orðabanki	13
Nemendahópurinn	3	Fróðleikur um islam.	14
Kennsluhugmyndir – hugmyndabanki	4	Fimm stoðir eða skyldur sérhvers múslima eru þessar:	14
Orðabanki	4	Trúarbrögðin okkar bls. 32–36	15
Hópavinna	4	Ísak segir frá gyðingdómi.	15
Bekkjarbók.	5	Fleiri kennsluhugmyndir	15
Sögurammi.	5	Orðabanki	15
Tölvur og bækur	5	Fróðleikur um gyðingdóm	16
Til dýpkunar	5	Trúarbrögðin okkar bls. 37	17
Kveikjur.	6	Hátíð barnanna	17
1. Hlutir á borði sem tengjast trúarbrögðum	6	Trúarbrögðin okkar bls. 38–39	17
Hugmyndir að hlutum	6	Helgirit	17
2. Tónlist og vefefni	6	Trúarbrögðin okkar bls. 40	18
3. Opnar spurningar.	7	Samfélag	18
4. Ferð á safn eða fjölmenningssetur (Alþjóðahús)	7	Trúarbrögðin okkar bls. 41	18
5. Vinna með heimskort	7	Föt.	18
Lestur bókarinnar	8	Trúarbrögðin okkar bls. 42–43	19
Trúarbrögðin okkar bls. 7–11.	8	Matur, tákn, trú og von	19
Trúarbrögðin okkar bls. 12–15	8	Matur	19
Sigurður Tan segir frá búddatrú	8	Tákn.	19
Fleiri hugmyndir	8	Trú og von	19
Orðabanki	8	Trúarbrögðin okkar bls. 44–45	19
Fróðleikur um búddatrú	8	Ein stór fjölskylda og heimskort	19
Trúarbrögðin okkar bls. 16–22	10	Fílaþema	20
Adya segir frá hindúatrú	10	Guðinn Ganesh – með fílhöfuðið.	20
Fleiri hugmyndir	10	Fæðing Búdda	21
Orðabanki	10	Orðabanki með útskýringum.	22
Fróðleikur um hindúatrú.	10	Búddatrú	22
Trúarbrögðin okkar bls. 23–26	12	Hindúatrú	22
Sara Sól segir frá kristni.	12	Kristni	22
Fleiri kennsluhugmyndir	12	Islam	23
Orðabanki	12	Gyðingdómur	23
Fróðleikur um kristni	12	Bókalisti og heimildir	24
Trúarbrögðin okkar bls. 27–31	13	Vefslóðir:	25
Ómar segir frá islam	13		

Trúarbrögðin okkar - Kennsluleiðbeiningar

Námshagnastofnun 2008

Höfundur: Hrunn Hlökkversdóttir

Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Umbrot: Námshagnastofnun

Trúarbrögðin okkar

Kennsluleiðbeiningar

Námsefnið *Trúarbrögðin okkar* er ætlað nemendum í 2.–4. bekk grunnskóla. Það er hugsað til kynningar á fimm trúarbrögðum; búddatrú, hindúatrú, kristni, islam og gyðingdómi. Í bókinni segja fimm börn frá áhugamálum sínum og siðum og venjum sem tengjast trúarbrögðum fjölskyldna þeirra. Umfjöllun um hvern hóp trúarbragða er á engan hátt tæmandi og frásagnir barnanna endurspeglar ekki ákveðna trúarhópa heldur eiga að kynna siði og venjur sem tengjast trúarbrögðum. Áhersla er lögð á umburðarlyndi, að fólk geti haft mismunandi siði og venjur en samt umgengist hvert annað og verið vinir.

Markmið

Eftirtalin markmið, sem er að finna í aðalnámskrá grunnskóla, eru höfð að leiðarljósi við gerð námsefnisins:

- Nemendur kynnist helstu trúarbrögðum heimsins og þeim, lífsviðhorfum og þeirri menningu sem tengist þeim, m.a. í frásögnum af jafnöldrum.
- Nemendur þekki helstu hátíðir kristinnar og siði og tákni sem tengjast þeim.
- Nemendur temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpsemi og vandamál tengd einelti og baktali.
- Nemendur fái fyrstu kynni af islam í frásögnum af jafnöldrum.
- Nemendur fái þjálfun í því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, með því að fást við efni sem tengjast jafnrétti og jafnstöðu og að ýtt sé undir kjark þeirra til þess að fylgja eigin sannfæringu.
- Nemendur kynnist búddadómi og hindúasið í frásögnum af jafnöldrum.
- Nemendur þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra.
- Nemendur læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til þess að hrósa og uppörva aðra.
- Nemendur kynnist gyðingdómi í frásögnum af jafnöldrum.

Leiðir

Nemendahópurinn

Hægt er að nálgast kennsluefnið á margvíslegan hátt. Áður en byrjað er á umfjöllun bókarinnar er mikilvægt að kennarinn ákveði hvaða leið hann ætlar að fara. Kennarinn þarf að íhuga fjölda þeirra kennslustunda sem hann ætlar í verkefnið og umfangið. Gott er einnig að kanna samsetningu nemendahópsins áður en farið er af stað. Kennari getur haft nemendur sem tilheyra mörgum mismunandi trúarbrögðum eða verið með mjög einsleitum hóp. Umfjöllun um trúarbrögð getur verið viðkvæm og það er góð regla

að kynna vinnuna fyrir foreldrum strax í upphafi. Sumar fjölskyldur aðhyllast engin trúarbrögð og eru jafnvel opinberlega trúlausar. Mikilvægt er að gera þessum hópi jafnt undir höfði og öðrum og börn úr þessum fjölskyldum geta sagt frá sinni uppáhaldshátíð og siðum og venjum í fjölskyldunni eins og önnur börn. Bent er á vefsíðu félags siðrænna húmanista á Íslandi; www.sidmennt.is. Þar er að finna upplýsingar um húmanískar og veraldlegar athafnir, t.d. borgaralega fermingu, giftingu, nafnagift og útför. Einnig eru til fjölmörg trúfélög á Íslandi sem ekki er minnst á í kennslubókinni. Hægt er að leita upplýsinga um þau flest á vefsíðunni www.kirkja.net og einnig er hægt að finna upplýsingar með leitarvélum á Netinu.

Kennsluhugmyndir – hugmyndabanki

Kennslubókin *Trúarbrögðin okkar* getur nýst sem sögubók sem kennari les með nemendum sínum og býður upp á umræður um hvern kafla. Það skilur þó eftir sig meiri og dýpri þekkingu og skilning á viðfangsefninu, ef unnið er áfram með efnisþættina og viðfangsefnið nálgast á ýmsa vegu. Börn hafa yfirleitt mikinn áhuga á öllu sem tengist hátíðum, siðum og venjum og það er auðvelt að fá þau á flug með sér í vinnu við ýmis viðfangsefni sem tengjast bókinni.

Hér á eftir er að finna kennsluhugmyndir sem nota má sem hugmyndabanka. Hægt er að velja úr þær hugmyndir sem henta hverju sinni eða leyfa hugarflæðinu að streyma við lestur kennsluleiðbeininganna og útfæra að eigin vild.

Orðabanki

Í kennslubókinni má finna fjölda orða sem tengjast trúarbrögðum, siðum og venjum. Viðbúið er að nemendur þekki ekki öll þessi orð. Við yfirferð bókarinnar gæti verið góð hugmynd að stofna orðabanka í skólastofnunni þar sem valin orð eru skrifuð og útskýrð. Orðabankann má útfæra á mismunandi vegu. Kennari getur látið hvern nemanda gera bók þar sem þessi orð eru skrifuð jafnt og þétt eða þá að orðabankinn er sameiginlegur og nemendur skiptast á við að skrifa orðin í bankann. Tillögur að orðum í orðabankann er að finna eftir hvern kafla í þessum leiðbeiningum. Orðabankann með skýringum er síðan að finna aftar í þeim.

Hópavinna

Ef unnið er í hópavinnu má skipuleggja hana á mismunandi vegu. Hægt er að skipta nemendahópnum þannig að hver hópur vinni með eina persónu bókarinnar og trúarbrögð hennar fjölskyldu. Ef nemendur hafa tölvuþekkingu og eru duglegir að vinna á tölvu, geta skilin á þeirri vinnu verið glærुकyning um trúarbrögðin eða um persónur bókarinnar. Önnur leið er að skipta nemendum í hópa eftir hvern kafla og unnið með ýmis verkefni í nk. stöðvavinnu. Á þann hátt geta nemendur valið sér verkefni eða þá að kennari skipuleggur „hringekju“ þar sem nemendur færast á milli verkefnanna og fara í gegnum allar stöðvarnar. Tillaga að stöðvum eftir hvern kafla bókarinnar eru; stöð um fatnað, mat, tákni og trúarlegar byggingar. Þá gæti einn hópurinn útbúið föt á persónur (dúkkulísur), matarhópurinn gæti skoðað uppskriftir frá ýmsum löndum, hópurinn

með tákinn útfærir trúartákn á ýmsa vegu (saumar, teiknar, smíðar), hópurinn með trúarlegar byggingar gæti unnið í þrívídd það hús sem tengist trúarbrögðunum (mosku, hof, kirkju). Nánari útlistun á þessum hugmyndum er að finna í kennsluhugmyndum hér á eftir.

Bekkjarbók

Eftir umfjöllun um bókina er tilvalið að vinna sameiginlega bekkjarbók. Hver nemandi gerir eina blaðsíðu í bókinni. Svipað og krakkarnir í kennslubókinni, þá skrifar hver og einn um sjálfan sig, áhugamál sín og fjölskyldu. Síðan er tekið fram hver upphaldshátíðin er og af hverju. Hægt er að líma mynd af nemandanum inn í bókina eða hann teiknar sjálfsmynd.

Sögurammi

Þeir sem þekkja til söguaðferðar sjá fljótt að sú kennsluáferð hentar vel við kennslu þessa kennsluefnis. Aftar í leiðbeiningum er að finna söguramma í anda söguáferðar (The Storyline Approach, Jordanhill College of Education). Margar af kennsluhugmyndunum er að finna bæði í hugmyndabankanum og einnig í sögurammanum. Gera þarf ráð fyrir a.m.k. 16 kennslustundum ef kennt er eftir sögurammanum (tvær til fjórar kennslustundir á viku í fjórar til fimm vikur). Söguáferð gefur nemendum tækifæri til þess að setja sig í spor annarra. Þeir búa til söguvið og sögupersónur. Með söguáferð gefst kostur á því að flétta saman mismunandi námsgreinar, t.d. samfélagsfræði, íslensku, myndmennt, textílmennt, tónmennt o.fl.

Tölvur og bækur

Mælt er með því að unnið sé með tölvur og Netið samhliða bókinni til þess að gera vinnuna meira lifandi. Miklar upplýsingar um trúarbrögð, siði og venjur er að finna á Netinu og mælt er með vefsíðum hér á eftir. Einnig fylgir listi af bókum sem gaman er að hafa til taks við vinnuna en þær eru fæstar þýddar á íslensku. Bækurnar eru myndskreyttar og í mörgum þeirra er að finna ljósmyndir sem börn hafa gaman af að skoða.

Til dýpkunar

Hér á eftir eru fróðleiksmolar úr trúarbrögðunum í hverjum kafla. Þessir kaflar eru hugsaðir fyrir kennarann til þess að dýpka þekkingu hans. Þessir fróðleiksmolar eru teknir af nokkru handahófi úr fræðibókum og taka einungis til takmarkaðra þátta trúarbragðanna. Ef kennurum finnst þeir ekki hafa næga þekkingu á trúarbrögðum og vilja bæta hana er mælt með bókum um efnið á íslensku. Það er t.d. fræðibókin Trúarbrögð heimsins í þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur, námsbókin Maðurinn og trúin eftir Gunnar J. Gunnarson og námsefni sem ætlað er miðstigi eftir Sigurð Inga Ásgeirsson og Þorkel Ágúst Óttarsson. Þeim bókum fylgir kennaraefni sem hægt er að nálgast á vef Námsgagnastofnunar; www.nams.is. Einnig er að finna fleiri bækur á bókalistanum hér á eftir sem dýpkað geta þekkingu kennara á efninu.

Kveikjur

Gaman er að byrja vinnuna á áhugavekjandi kveikju. Kveikjuna er hægt að skipuleggja á ýmsa vegu. Nokkrar hugmyndir er að finna hér á eftir.

1. Hlutir á borði sem tengjast trúarbrögðum

Safnið að ykkur hlutum sem tengjast mismunandi trúarbrögðum. Hentugt er að auglýsa eftir þessum hlutum meðal foreldra og samstarfsfólks. Hægt er að aðgreina hlutina með því að leggja dúka eða efni á borðið í mismunandi litum eða mynstrum sem tengjast viðkomandi trúarbrögðum. Í lágvöruverslunum má oft finna ódýrar styttur, líkneski eða aðra hluti sem tengjast trúarbrögðum og það er upplagt að safna hlutum í kistu sem tilheyrir skólanum. Myndir og trúartákn er hægt að finna á Netinu og prenta út. Einnig má finna myndir í tímaritum, eins og t.d. National Geographic, sem hægt er að klippa út og hafa með á borðinu.

Hugmyndir að hlutum

- Kristni: Krossar, englastyttur, íkonar, bænaperlur.
- Hindúatrú: Blóm, ávextir, reykelsi, kerti, myndir af guðum (póstkort, tímarit), styttur.
- Gyðingdómur: Sjö arma kertastjaki, bænasjal, Davíðsstjarnan (Netið, tímarit).
- Búddatrú: Búddastyttur, líkneski, kerti, blóm, ávextir, reykelsi.
- Islam: Trúarorð á arabísku (Netið, bækur, tímarit), trúartáknin, tungl og stjarna (Netið), bænateppi, bænabönd.

Þegar nemendur koma inn í kennslustofuna er búið að útbúa borð með munum sem tengjast mismunandi trúarbrögðum. Nemendur mega ganga um og skoða hlutina. Passa þarf hluti sem fengnir eru að láni og kenna nemendum að umgangast trúarlega muni af lotningu og nærgætni, þar sem þeir hafa þýðingu fyrir margt fólk. Þegar nemendur hafa skoðað hlutina og kennari sagt frá þeim, gætu þeir teiknað og litað hluti eða tákn og bætt við á borðin.

2. Tónlist og vefefni

Þegar nemendur koma inn í kennslustofu heyrir framandi tónlist. Til þess að skapa meiri stemmingu má kveikja á reykelsi og dempa lýsingu. Þessa hugmynd má nota með kveikju nr. 1 eða eina og sér. Hægt er að nálgast mismunandi trúartónlist á Netinu eða á bókasöfnum og byrja vinnuna á því að hlusta á tónlist sem tengist trúarbrögðunum. Einnig er mögulegt að finna á Netinu myndir eða myndbrot frá mismunandi menningar- og trúarheimum.

Á vefnum www.kennslaogtru.is, sem er vefsíða félags kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum, er að finna fróðleik og kennsluhugmyndir sem geta verið gagnlegar þegar unnið er með námsbókina. Þar er einnig kennsluvefur eftir Guðnýju Þorsteinsdóttur og Sigrúnu Eypórsdóttur. Á vefnum er fjallað um gyðingdóm, islam og búddatrú með myndrænum kynningum og tónlist leikin undir. Þessar stuttu kynningar er tilvalið að nota sem kveikju. Á vefnum www.kennslaogtru.is er einnig að

finna tónlist sem tilheyrir hindúatrú sem má spila fyrir nemendur. Kristna trúartónlist er hægt að nálgast víða, t.d. á geisladiskinum Trúartónar sem Námsgagnastofnun gaf út árið 1999. Bent skal á fjölmargar vefsíður tengdar trúarbrögðum í kennsluleiðbeiningum sem fylgja námsefni fyrir miðstig. Kennsluleiðbeiningarnar er að finna á vef Námsgagnastofnunar; www.nams.is.

3. Opnar spurningar

Gjarnan má byrja verkefnið á umræðu í nemendasætum eða heimkrók. Þá er gott að spyrja spurninganna sem koma fram í upphafi bókarinnar: Hvað er trú? Hvað eru trúarbrögð? Hvernig tengjast matur og fót trúarbrögðum? Af hverju eru ekki sömu hátíðir hjá öllum? Hvað eru tákn?

Kennari skrifar svör og umræðupunkta barnanna á flettistöflu eða stórt spjald. Svona umræður eru líka góðar sem forpróf, þ.e. til þess að kanna þekkingu nemenda áður en farið er að vinna með viðfangsefnið.

4. Ferð á safn eða fjölmeningarsetur (Alþjóðahús)

Gæti verið góð kveikja.

5. Vinna með heimskort

Nemendur skoða stækkað ljósrit af heimskorti og glíma við að lita löndin eftir mismunandi trúarbrögðum. Heimskort er að finna á bls. 45 í námsbókinni. Einnig má teikna og lita hnött og klippa út dúkkulísukrakka sem leiðast hringinn í kringum hnöttinn.

Lestur bókarinnar

Trúarbrögðin okkar bls. 7–11

Þegar búið er að lesa þessar fyrstu blaðsíður er gott að staldra aðeins við og hvetja til umræðna meðal nemenda. Ef spurningarnar hafa verið notaðar sem hluti af kveikju eru þær umræður rifjaðar upp. Annars spyr kennarinn spurninganna og fer yfir þær með nemendum. Oft skapast miklar umræður um þessar spurningar og það er mikilvægt að gefa nemendum góðan tíma til þess að ræða það sem þeim býr í brjósti. Stundum tengjast fréttir inn í umræðurnar og önnur hugðarefni sem tengjast heimsmálunum. Þá er mikilvægt að forðast fordóma og benda á það að stríð, hryðjuverk og annar ósómi er alltaf af mannavöldum en ekki vegna þess boðskapar sem trúarbrögðin standa fyrir.

Trúarbrögðin okkar bls. 12–15

Sigurður Tan segir frá búddatrú

Hér segir Sigurður frá áhugamálum sínum, siðum og venjum. Hann og fjölskylda hans eru búddistar. Þegar farið er í þennan kafla með nemendum er gaman að varpa upp mynd af Sigurði með skjávarpa. Myndir úr nemendabókinni fylgja kennaraefninu. Með skjávarpa er hægt að varpa myndunum upp á vegg eða tjald. Eftir lestur kaflans er gott að staldra við þessar spurningar og ræða í nemendahópnum: Hverrar trúar eru Sigurður og fjölskylda hans? Hvað vitið þið um búddatrú? Hvaða áhugamál hefur Sigurður? Hver er upphaldshátíðin hans?

Hægt er að fara margar leiðir í vinnunni eftir lestur kaflans, t.d. skipta í stöðvar og rannsaka ýmislegt um búddatrú. Á einni stöðinni mætti rannsaka fatnað, annarri matarvenjur, myndir á Netinu sem tengjast búddatrú, tónlist. Gera hof úr pappakassa, klósettrúllum o.fl. Hægt er að gera Sigurð og fjölskyldu hans í dúkkulísuformi eða teikningar af þeim. Nýta má vefefni og myndir á Netinu. Ef vefurinn; www.kennslaogtru.is hefur ekki verið notaður sem kveikja er tilvalið að skoða efni um búddatrú á vefnum. Skilin á vinnunni geta verið ýmiss konar; veggspjöld, myndir á vef, teikningar, hof í þrívídd o.fl.

Fleiri hugmyndir

- Gæludýr: Sigurður Tan á mörg gæludýr. Hægt er að gera könnun í bekknum á gæludýraeign eða á því hver eru upphaldsgæludýrin.

Orðabanki

Orð í þessum kafla sem geta hugsanlega farið í orðabankann eru: Tæland, búddisti, Búdda, altari, reykelsi, bænir, búddamunkur, kufl, blessun, búddahof, búddaklaustur, búddadagur, safnaðarstarf (sjá orðabanka með orðskýringum).

Fróðleikur um búddatrú

Búddatrú eða búddasiður dregur nafn sitt af persónunni Siddharta Gautama sem var uppi um 563–486 f.Kr. Hann var af indverskri furstaætt og afneitaði konunglegu lífi til

Þess að leita lausnar frá samsara, hinni eilífu hringrás lífs og dauða og endurfæðinga. Eftir margra ára lærdómsiðkun, hugleiðslu og sjálfskoðun, varð hugur hans uppljómaður og við það varð hann Búdda (merkir hinn uppljómaði).

Hann fór síðan að predika og eignaðist þá fyrstu lærisveina sína. Búdda var aldrei talinn vera Guð eða yfirnáttúruleg vera, heldur maður sem tókst að finna svör við stærstu spurningum mannlegrar tilvistar og miðla þeim til annarra. Í dag eru um 400 milljónir búddista um allan heim. Margir þeirra búa í Asíu þar sem búddasiður er upprunninn. Búddatrú er líka útbreidd í Evrópu og Bandaríkjunum. Margar hreyfingar finnast innan búddasiðar og er átrúnaðurinn mismunandi á milli hreyfinganna. Allir búddistar nota samt sem áður kenningar Búdda sem leiðsögn til þess að lifa eftir í lífinu.

Megininntak kenninga Búdda, dharma, eru hin fjögur göfugu sannindi:

- Veiki, dauði, elli, aðskilnaður og þrá eftir því sem ekki er hægt að eignast veldur þjáningu.
- Langanir eru undirrót allra þjáninga.
- Til þess að yfirvinna þjáningarnar þarf að losa sig við langanir.
- Til þess að losna við langanir þarf að fylgja hinum göfuga áttfalda vegi.

Áfangar hins göfuga áttfalda vegar eru: 1. Rétt skoðun, 2. Rétt stefna, 3. Rétt tal, 4. Rétt breytni, 5. Réttir lifnaðarhættir, 6. Rétt viðleitni, 7. Rétt íhugun og 8. Rétt einbeiting.

Dharmahjólíð er alþjóðlegt tákni fyrir búddadóm. Það er mynd af hjóli með átta pílárum. Pílárarnir í hjólinu tákna hinn göfuga áttfalda veg en hjólíð eða hringurinn tákna hringrás lífsins.

Fyrir búddista hefur lótusblóm mjög sérstaka þýðingu. Lótusplantan vex í vatni eða leðju. Blómið teygir sig upp úr leðjunni. Eins er með manneskjuna sem hrasar og er veikluðu. Hún getur bætt sig með því að fylgja orðum Búdda. Manneskja sem byrjar í leðjunni getur vaxið og blómstrað eins og lótusblóm með því að vera góð og breyta rétt í lífinu.

Þegar búddistar biðjast fyrir leggja þeir stundum afskorin blóm fyrir framan stytta af Búdda. Í fyrstu eru blómin fersk og litrík en smátt og smátt visna þau upp og deyja. Þetta á að minna á það að ekkert varir að eilífu. Allt tekur breytingum. Stundum getur þessi staðreynd verið sorgleg en hún þýðir líka að allt getur breyst til batnaðar.

Karmalögmálið er að finna í búddatrú og hindúatrú. Karma þýðir verknaður og karmalögmálið gengur út á það að allt sem fólk gerir í lífinu hefur afleiðingar. Ef þú hagar þér vel í lífinu og ert góð manneskja eru meiri líkur á góðu lífi í því næsta. Bæði búddistar og hindúar trúa á endurholdgun og það að mennirnir fæðist sífellt aftur og aftur. Í búddatrú er takmarkið það að losna undan þessari hringrás og öðlast nirvana sem er eilíft sæluástand. Leiðin til þess er að lifa eftir kenningum Búdda.

Trúarbrögðin okkar bls. 16–22

Adya segir frá hindúatrú

Í þessum kafla segir Adya frá áhugamálum sínum og fjölskyldu. Fjölskylda hennar aðhyllist hindúatrú. Eins og í fyrsta kafla er hægt að varpa upp mynd af Adyu með skjávarpa. Kennari ræðir við nemendur um þennan kafla og spyr spurninga: Hvaða áhugamál hefur Adya? Hverrar trúar er Adya og fjölskylda hennar? Hvað vitið þið um hindúatrú? Hver er uppáhaldshátíð Adyu?

Kennari velur þá leið sem hann vill fara í vinnu eftir þennan kafla. Eins og áður getur kennari skipt nemendum í hópa og unnið með þætti innan hindúatrúar í stöðvavinnu (sjá fyrri kafla).

Fleiri hugmyndir

- Skoða þjóðdansa frá ýmsum löndum. Dansaðir/kenndir.
- Gera samanburð á hjónavígslum mismunandi trúarbragða.
- Teikna mynstur í anda rangoli (sjá kennsluleiðbeiningar fyrir miðstig um hindúatrú).

Orðabanki

Orð í þessum kafla sem geta hugsanlega farið í orðabankann eru; indverska, Indland, hindúar, hindúatrú, alheimsguð, olíulampi (diya), bænahús, musteri, áin Ganges, heilagur, sarí, vefjarhöttur, blómsveigur, orðið ám, ljósahátíð (dívali), rangoli munstur, gyðjan Lakshmi, hátíðin holi (sjá orðabanka með orðskýringum).

Fróðleikur um hindúatrú

Hindúar tilbiðja fjöldann allan af guðum og gyðjum sem þeir segja að endurspegli ýmsar hliðar af alheimsguðinum Brahman. Tveir guðir hafa mesta fylgið fyrir utan Brahman sjálfan. Það eru Shiva og Vishnú. Fjölmörg musteri hafa verið reist þeim til heiðurs í Indlandi og milljónir hindúa biðja til þeirra á hverjum degi. Vishnú er verndari alheimsins. Hann ferðast um heiminn á stórum erni ásamt Lakshmi konu sinni sem er gyðja fegurðarinnar. Shiva er tortímandi heimsins. Kraftur Shiva flæðir um allan heiminn og sér til þess að heimurinn sé tilbúinn til endursköpunar.

Hindúar trúa því að guðinn Vishnú heimsæki jörðina með vissu millibili og taki þá alltaf á sig nýtt form. Trúað er að Rama, sem er mjög vinsæll guð meðal hindúa, sé í rauninni Vishnú. Rama er tilbeðinn vegna hugrekkis og góðmennsku.

Hindúar trúa því að Krishna sé önnur birtingarmynd af Vishnú. Krishna er einn af ástsælli guðum hindúa og oftast sýndur með bláa húð og að leika á flautu. Ganesh er sonur guðsins Shiva og gyðjunnar Parvati. Söguna um það hvernig Ganesh fékk fílshöfuð er að finna í þema um fíla sem er aftar í heftinu. Í ágúst eða september halda hindúar upp á afmælisdag Ganesh. Þeir leggja sælgæti og kókosnetur á altari. Síðasta dag hátíðarinnar gera þeir stytur af Ganesh úr leir og kasta í ár eða sjó um leið og þeir

fara með bænir. Ganesh er talinn vera guð visku og talinn geta leyst erfiðar flækjur og rutt hindrunum í lífi fólks úr vegi. Fólk biður Ganesh um blessun þegar það byrjar á einhverju nýju í lífinu.

Gyðjan Lakshmi, sem er líka þekkt sem Shri, er gyðja auðs og gæfu. Mynd hennar prýðir heimili, verslanir og fyrirtæki. Lakshmi er nefnd móðir allrar sköpunar og talin veita visku og lausn. Margir kennimenn hafa samið lofsöngva um miskunnsemi hennar og visku. Hún á að færa jarðneskum gæfu en fyrst og fremst er hún talin eiga hlutdeild í því að veita lausn frá hringrás lífs og dauða. Á myndum má sjá aðra hönd hennar vísa til jarðar með bendingu sem hindúar nefna varada (gefandi, veitandi). Oft er gullmynt látin rigna úr annarri hendi hennar. Hinni hendinni heldur hún uppi til þess að tákna vernd sína. Lakshmi er mjög gjarnan tengd lótusblóminu. Hún ber sama lit og yfirbragð og lótusblóm. Blóm þetta er mönnum áminning um hvernig þeir skuli sjá samband sitt við alheiminn. Blómið ris upp úr leir og óhreinu vatni en flekkast þó ekki af því.

Gangesfljót rennur frá Himalayafjöllum og í gegnum Indland út í Bengalflóa. Ganges er heilagt fljót í augum hindúa. Þeir trúa því að fólk geti þvegið syndir sínar af sér í fljótinu og jafnvel dugi lítill dropi úr því. Heilaga borgin Varanasi er byggð á bakka fljótsins. Þar er vatnið talið vera sérstaklega heilagt og kraftmikið. Milljónir manna koma þangað til þess að baða sig í fljótinu. Sagan segir að guðinn Shiva hafi valið borgina Varanasi sem upphaldsstað sinn á jörðinni.

Talið er að um einn milljarður manna búi á Indlandi og af þeim játi áttatíu prósent hindúatrú. Fólk sem aðhyllist hindúatrú er einnig í öllum heimsálfum. Það er nokkuð erfitt að skilgreina hindúatrú þar sem þessi trúarbrögð eru ekki sköpuð af neinum einum manni, trúflokki, lærimeistara eða spámanni. Kenningar hindúatrúar eru komnar úr ýmsum áttum á mjög löngum tíma. Helgir textar varðveittust í munnlegri geymd en þeir tjá helstu hugmyndir í hindúatrú.

Helgirit hindúa skipta hundruðum. Elstu ritin heita Vedabækurnar. Fyrsta bókin var samin fyrir u.þ.b. 3200 árum. Mest lesnu helgiritin eru söguljóðin Ramayana og Mahabharata sem innihalda mikinn og góðan siðaboðskap. Mikilvægasti hluti Mahabharata ljóðanna heitir Bhagavad Gíta eða söngur Drottins. Margir telja þá bók innihalda kjarnann í hindúatrú. Þar er talað um kærleiksríka tilbeiðslu herrans og gildi óeigingjarnra athafna. Guðinn Krishna leiðbeinir þar um eðli sálarinnar, guðs og hvernig maðurinn getur öðlast endurlausn.

Orðið ám er haft yfir við upphaf og endi allra hindúabæna og við flutning helgra texta. Það samanstendur af þremur hljóðum a-u-m. Orðið byrjar að hljóma djúpt í iðrum líkamans og endar á vörunum og það er talið mönnum til gæfu að segja það. Hindúar trúa því að ám sé helgasta hljóð allra hljóða en ágreiningur er um merkingu þess. Sumir halda því fram að orðið sé komið úr sanskrít og merki „það sem verndar“. Aðrir telja að orðið ám sé fyrsta hljóð veraldarinnar sem feli í sér kjarna sannrar visku.

Trúarbrögðin okkar bls. 23–26

Sara Sól segir frá kristni

Í þessum kafla segir Sara Sól frá áhugamálum sínum og fjölskyldunni. Hún og hennar fjölskylda, eru kristinnar trúar. Eins og áður er hægt að varpa mynd af Söru Sól upp á vegg með skjávarpa. Kennari ræðir við nemendur um þennan kafla og spyr spurninga: Hvaða áhugamál hefur Sara Sól? Hverrar trúar er hún og fjölskylda hennar? Hver er uppáhaldshátíð Söru Sólar?

Kennari vinnur á sama hátt með þennan kafla og hina fyrri.

Fleiri kennsluhugmyndir

- Að safna hlutum: Gera könnun meðal nemenda um hverju þeir safna og hvers vegna.
- Koma með safnið sitt í skólann og sýna samnemendum.
- Krossar: Í bókinni Táknmál trúarinnar, sem Karl Sigurbjörnsson tók saman, er heilmikið
- fjallað um tákni í kristinni trú. Þar er að finna myndir og umfjöllun um alls konar krossa.
- Nemendur geta teiknað eða fönðrað krossa. Einnig gætu þeir hannað sinn eigin kross.

Orðabanki

Orð í þessum kafla sem geta hugsanlega farið í orðabankann eru; kristin trú, heilagur andi, messa, Biblía, kross, að blessa, krossmark, skírn, ferming, jól, páskar (sjá orðabanka með orðskýringum).

Fróðleikur um kristni

Kristin trú er útbreiddust allra trúarbragða heims með yfir tvo milljarða fylgjenda. Í grunninn er kristni eingyðistrú, þ.e. trú á einn Guð og á Jesúm Krist sem endurlausnara mannkyns. Kristin trú segir guðdóminn hafa klæðst holdi í Jesú Kristi og kristnir menn trúa því að Jesús hafi dáið á krossi og risið upp eftir dauðann. Skömmu eftir krossfestingu og upprisu Jesú tók ný hreyfing að bæra á sér. Nánustu lærisveinar Jesú og margir fylgismanna hans trúðu því að hann væri Kristur, guðlegur frelsari mannkynsins. Þeir hófust handa við að koma þessari trú á framfæri ásamt boðskapnum sem Jesús kenndi. Grunnurinn í hugmyndafræði Jesú Krists er byggður á náungakærleika og kærleika Guðs. Kjarni kristinnar er trúin á hina heilögu þrenningu; föður, son og heilagan anda. Mörg tákni tilheyra kristninni en krossinn er helgast táknið. Hann táknar krossfestingu og upprisu Jesú Krists.

Kristnir menn álíta Biblíuna innblásna af Guði og er hún helgasta rit kristindómsins. Hún er í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn, Gamla testamentið, er í hugum kristinna manna fyrsti sáttmáli Guðs við mannkynið og seinni hlutinn, Nýja testamentið, er sáttmáli Jesú Krists. 27 bækur Nýja testamentisins eru skrifaðar á fyrstu 100 árunum eftir dauða Krists. Þar er sagt frá fæðingu, kennslu og boðskap, pínu, dauða og upprisu hans.

Kristnir menn hafa ekki alltaf verið sammála um túlkun á kristindóminum. Til eru mörg trúarsamfélög eða kirkjudeildir innan kristinnar trúar. Þó má nefna nokkur atriði sem allir kristnir menn geta verið nokkurn veginn sammála um, auk þess sem þeir viðurkenna allir sömu helgirit og undirstöðuatriði kristinnar guðfræði. Allir eru sammála um nauðsyn kristilegs samfélags og gegna kirkjur og prestar þar mikilvægu hlutverki. Kristnir menn eru líka sammála um það að helstu dyggðir kristinnar séu trú, von og kærleikur og að kristið lífni sé fólgið í því að taka sér ævi Jesú til fyrirmyndar. Fyrirgefningin er ein af undirstöðum kristinnar trúar og í aðalatriðum felur kristindómurinn í sér jákvætt viðhorf til lífsins.

Helstu hátíðir kristinna manna eru: Jól sem haldin eru 25. desember um heim allan. Á Íslandi hefst hátíðin að kvöldi 24. desember. Þá er minnst fæðingar Jesú Krists. Í augum margra kristinna manna er þessi hátíð sú stærsta. Þá kemur fjölskyldan saman og borðar góðan mat. Skipst er á gjöfum á jólunum. Páskarnir eru haldnir í mars eða apríl ár hvert en þeir eru reiknaðir út frá gangi tunglsins. Á páskum minnst kristnir menn krossfestingar og upprisu Jesú Krists. Fjörutíu dögum eftir upprisuna er uppstigningardagur en þá steig Jesús Kristur upp til himna samkvæmt trú kristinna manna. Á hvítasunnunni er þess minnst þegar heilagur andi kom yfir postulana og þeir fóru af stað út í heim að boða kristna trú.

Trúarbrögðin okkar bls. 27–31

Ómar segir frá islam

Í þessum kafla segir Ómar frá sjálfum sér, áhugamálum og fjölskyldu. Trúarbrögð fjölskyldunnar eru islam. Eins og áður er hægt að varpa upp mynd af Ómari með skjávarpa. Kennari ræðir við nemendur sína um þennan kafla og spyr spurninga: Hvaða áhugamál hefur Ómar? Hverrar trúar er Ómar og fjölskylda hans? Hvað vitið þið um islam? Hver er upphaldshátíð Ómars? Kennari útfærir verkefnavinnu eftir kaflann eins og áður.

Fleiri kennsluhugmyndir

- Áhugamál innan bekkjarins. Nemendur gera áhugasviðskönnun. Niðurstöður eru settar í línurit.
- Hjálpssemi. Á bls. 30 er mynd af Ómari þar sem hann er að hjálpa gamalli konu. Hvernig getum við hjálpað hvert öðru? Allir ákveða eitt góðverk sem þeir ætla að gera og segja frá því.

Orðabanki

Orð í þessum kafla sem geta hugsanlega farið í orðabankann eru: Marokkó, múslimi, islam, arabíska, Múhameð, Kóraninn, statíf, moska, bænamotta, blæja, hjálparstofnun, hvíldardagur, ramadan, fasta, föstulokahátíð (sjá orðabanka með orðskýringum).

Fróðleikur um islam

Gyðingdómur, kristni og islam eiga sér sameiginlega forsögu frá sköpun heimsins og til daga Abrahams. Trúarbækurnar Gamla testamenti Biblíunnar, Tóra og Kóraninn geyma sameiginlegar frásagnir. Þessi þrenn trúarbrögð eiga sameiginlega trú á einn eilífan Guð, skapara alls. Í sögu Abrahams er sagt frá því að hann átti tvo syni. Eldri sonur hans hét Ísmael og móðir hans Hagar. Yngri sonurinn hét Ísak og móðir hans Sara. Ísmael er talinn vera forfaðir araba og islamstrú er upprunnin í hinum arabíska heimi. Ísak er talinn forfaðir gyðinga.

Fimm stoðir eða skyldur sérhvers múslima eru þessar:

- Trúarjátning múslima.
- Bænagjörðin. Fimm bænir skulu beðnar frá sólarupprás til sólarlags. Daglegt líf í löndum múslima stöðvast með reglulegu millibili við bænakallið sem fer fram rétt áður en bænátími hefst.
- Þriðja stoðin er skattur til fátækra.
- Fjórða skyldan er að taka þátt í árlegri föstu. Í ramadanmánuði, sem er níundi mánuður islamska tímatalesins, fasta múslimar frá sólarupprás til sólarlags.
- Fimmta skylda múslima er pílgrímaferð til Mekka einu sinni um ævina.

Tvær stærstu hátíðir múslima tengjast stoðunum fimm. Föstulokahátíðin, sem nefnist Eid al-Fitr, er haldin til þess að fagna því að fastan er búin og til minningar um opinberun Múhameðs. Hátíðin stendur í þrjá daga. Þá er hefð fyrir því að fjölskyldan borði saman og taki á móti gestum. Margir senda heillaóskir á Eid-kortum til vina og ættingja. Pílgrímsferð múslima er alltaf farin í síðasta mánuði islamska dagatalsins eða í Dhu al-Hijjah. Á tíunda degi þess mánaðar er haldin hátíð um heim allan sem heitir Eid Al-Adha. Þá fer fjölskyldan í fin föt, borðar góðan mat og skipst er á gjöfum.

Trúarrit múslima, Kóraninn, er mjög mikilvægt í lífi þeirra. Bókin sjálf er heilög í augum múslima og helgur hlutur. Múslimar vilja helst ekki nálgast og handfjatla hina helgu bók nema að lokinni trúarlegri hreinsun. Bókin er geymd á ákveðnum stað og lögð á sérstakt statíf þegar lesið er upp úr henni. Í Kóraninum er að finna nokkrar af sömu sögnum og í bæði Gamla testamenti Biblíunnar og Tora, trúarbók gyðinga. Í Kóraninum eru gyðingar og kristnir nefndir „þjóðir bókarinnar“ og þeim sýnd sérstök virðing.

Múslimar trúa því að hinn eini sanni guð, almáttugur og eilífur, hafi fyrst opinberast Adam, fyrsta manninum og síðan Abraham hinum forna ættarhöfðingja. Síðar opinberaðist sannleikurinn Múhameð. Samkvæmt Kóraninum voru margir aðrir spámenn uppi á milli Abrahams og Múhameðs. 28 þeirra voru útvaldir til þess að boða hið guðlega orð og nefnast þeir rasul. Meðal merkustu rasul eru: Nói, Davíð, Móse og Jesús.

Helgasti staður islamskra trúarbragða er hin helga borg Mekka og næsta nágrenni hennar. Í Kóraninum er talað um Kaaba sem „hús Guðs“. Sagan segir að Adam hafi byggt þessa ferstrendu byggingu og Abraham síðan endurreist hana og hreinsað. Að lokum hafi Múhameð endurtekið verk Abrahams. Kaaba gegnir stóru hlutverki í islömskum helgisiðum. Í bænagjörð sinni, sem er fimm sinnum á dag, snúa múslimar sér í átt að Kaaba. Í pílgrímsferð sinni í Mekka ganga hinir trúuðu þrjá hringi í kringum helgidóminn. Í einu horni Kaaba er svartur steinn og telja múslimar hann táknið um tengsl Guðs við manninn.

Islamska tímatalið hefur tólf mánuði og heitir sá fyrsti Muharram en sá síðasti Dhu-al-Hijj, en þá fara menn í pílgrímsför til borgarinnar Mekka. Tímatal múslima reiknast út frá tunglmánuðum. Ár sem er reiknað út frá tunglinu verður ellefu dögum styttra en það tímatal sem við þekkjum best. Þannig fer hver mánuður í gegnum allan ársins hring á tímabili sem tekur u.þ.b. þrjátíu og tvö og hálf ár.

Hálfmáni og stjarna standa saman sem þekktasta táknið islams. Táknið er að finna á mörgum þjóðfánunum ríkja innan islamska samfélagsins.

Trúarbrögðin okkar bls. 32–36

Ísak segir frá gyðingdómi

Í þessum kafla segir Ísak frá sjálfum sér, áhugamálum og fjölskyldu. Trúarbrögð fjölskyldunnar eru gyðingdómur. Eins og áður er hægt að varpa upp mynd af Ísaki með skjávarpa. Kennari ræðir við nemendur um þennan kafla og spyr spurninga: Hvaða áhugamál hefur Ísak? Hverrar trúar er hann og fjölskylda hans? Hvað vitið þið um gyðingdóm? Hver er upphaldshátíð Ísaks? Kennari útfærir verkefnavinnu eftir kaflann eins og áður.

Fleiri kennsluhugmyndir

- Íþróttir. Ísak æfir sund. Hverjir stunda einhverjar íþróttir í bekknum? Könnun meðal samnemenda um upphaldsíþróttina. Shalom. Gyðingar heilsast með því að segja „shalom“ sem þýðir „friður sé með yður“. Hægt er að safna kveðjum alls staðar að úr heiminum. Nemendur gera pappírshendur í mismunandi húðlitum og festa kveðjurnar á þær. Hendurnar er hægt að hengja upp í kennslustofunni.
- Púrím-hátíð svipar til öskudagsins á Íslandi. Nemendur gera verkefni um öskudaginn. Hver og einn teiknar mynd af sér í búningi og segir frá öskudeginum eða skrifar sögu.

Orðabanki

Orð í þessum kafla sem geta hugsanlega farið í orðabankann eru; gyðingur, trúarbók, Tóra, ættfaðir, Mósebækur, bænahús, sýnagóga, örkr, rabbíni, kippah, bænasjal, Davíðsstjarnan, shalom, sabbat, hátíðarmatur, skrín, bænaskrín, ljóshátíð eða hanukka, hebreska, púrím- hátíðin (sjá orðabanka með orðskýringum).

Fróðleikur um gyðingdóm

Gyðingdómur er eingyðistrú sem þýðir að þeir trú á einn Guð sem er æðstur allra. Bæn gyðinga shema er undirstaða trúar þeirra en hún byrjar svona: „Heyr Ísrael, Drottinn er vor Guð.“ Skylda gyðinga er að hlýða boðorðum Guðs og sýna honum kærleika sinn. Gyðingar trú því að Guð hafi ætlað þeim ákveðið hlutverk og því hafi hann gert sáttmála við forfeður þeirra. Í gyðingdómi er nafn Guðs Jahve. Á hebresku er það skrifað JHWH. Nafnið er svo heilagt að ekki má nefna það upphátt og Guð er ofast nefndur adonai, sem merkir Drottinn. Í gyðingdómi eru margir spámenn en Móse er talinn mestur þeirra allra. Tóra, aðal helgirit gyðinga, inniheldur sögurnar af ættmönnum Ísraels og þar með talið sögur Móse. Gyðingar telja Abraham vera ættföður sinn.

Gyðingar eru taldir vera um 14–18 milljónir talsins í heiminum öllum. Flestir búa þeir í Bandaríkjunum og næstflestir í Ísrael. Gyðingar hafa þurft að þola meiri hörmungar en flest önnur þjóðarbrot í heiminum og gyðingasamfélög hafa víða orðið til þegar þeir hafa verið hraktir frá heimalöndum sínum. Ofsóknir á hendur gyðingum náðu hámarki á tímum seinni heimstyrjaldar (1939–1945) þegar skipulögð tilraun var gerð af þýskum nasistum til þess að útrýma öllum gyðingum í Evrópu. Talið er að rúmlega 6 milljónir gyðinga hafi látið lífið við skelfilegar aðstæður á þeim tíma.

Eftir að seinni heimstyrjöldinni lauk var tekin sú ákvörðun á vegum Sameinuðu þjóðanna að gyðingar fengju að stofna sitt eigið ríki í Palestínu. Þeir lýstu yfir stofnun þess árið 1948 og kölluðu ríkið Ísrael. Dagatal gyðinga miðast við tunglið. Hver mánuður byrjar með nýju tungli. Mánuðirnir í tunglárinu eru breytilegir miðað við sólárið og það sama gildir um hátíðirnar. En til þess að hátíðisdagar séu á réttum árstíðum þá er einum mánuði bætt við árið, sjö sinnum á hverjum níttján árum.

Í hverri viku halda gyðingar sjöunda daginn heilagan. Hann kallast Sabbat. Hátíðin hefst við sólarlag á föstudegi. Kveikt er á tveimur kertum og farið með bæn sem kallast kiddush, áður en fjölskyldan sest niður við kvöldverðarborðið. Á laugardagsmorgni fara margir gyðingar í sýnagóguna (samkomuhúsið). Sabbat-hátíðin endar þegar fyrstu stjörnurnar birtast á laugardagskvöldi.

Gyðingar halda nokkrar hátíðir á hverju ári. Í september eða október minnst þeir sköpunar heimsins. Hátíðin kallast rosh hashanah. Með þeirri hátíð hefst nýtt ár. Á þeim tímamótum hugsa gyðingar um allt það ranga sem þeir hafa gert á síðasta ári og lofa að bæta sig. Að kvöldi rosh hashanah hafa margir gyðingar þann sið að dýfa eplablitum í hunang og deila með sér. Það er gert til heilla nýs árs. Friðþægingardagurinn, eða jom kippur, er haldinn tíu dögum eftir nýársdaginn. Þessi dagur er heilagastur allra helgidaga og kallaður mesti hvíldardagurinn. Laufskálahátíðin, eða sukkot, er þakkarhátíð og haldin að hausti.

Á hanukka-hátíðinni (ljósahátíðinni) minnst gyðingar þess hvernig Guð lét lampa í musterinu loga fyrir löngu síðan. Gyðingar kveikja á átta kertum. Þeir kveikja á einu fyrsta kvöldið, tveimur á kvöldi tvö og svo framvegis þar til kveikt hefur verið á öllum

átta kertunum. Níunda kertið er notað til þess að kveikja á hinum. Hanukka-hátíðin er haldin í desember. Það er mjög gleðilegur tími hjá gyðingum þar sem sérstakur matur er borðaður, gjafir gefnar og haldnar veislur. Á páskunum halda gyðingar hátíð og minnst þess þegar forfeður þeirra voru þrælur í Egyptalandi og Guð frelsaði þá úr ánaud. Púrím er ekki mikilvæg hátíð meðal gyðinga en ákaflega vinsæl. Þá minnst menn björgunar gyðinga frá yfirvofandi fjöldamorði á dögum persneska keisaradæmisins en frá þessu er sagt í Esterarbók (Gamla testamenti Biblíunnar og Tóra). Upplstur þessarar frásagnar fyrir söfnuðinn er aðalviðburður hátíðarinnar. Púrím hefur verið gyðingum ljós vonar um langan aldur en nú hefur hún fengið á sig blæ kjötkveðjuhátíðar með skrúðgöngum og litríkum búningum. Einn þáttur hátíðarinnar er að gefa gjafir, einkum til fátækra. Viknahátíðin er haldin sjö vikum eftir páska. Upphaflega var tilefnið sumaruppskera en hátíðin fékk síðan trúarlega merkingu, þar sem talið er að Móse hafi tekið við sáttmálanum á Sínaí fjalli á þessum tíma. Oft gróðursetja gyðingar tré í tilefni þessarar hátíðar.

Davíðsstjarnan er tákn gyðingdómsins og oft nefnd gyðingastjarnan. Tveir jafnhliða þríhyrningar, svokallað hexagram, mynda táknið. Margar kenningar eru til um merkingu þess. Sumir segja að Davíð konungur hafi átt skjöld með mynd af sex arma stjörnu.

Trúarbrögðin okkar bls. 37

Hátíð barnanna

Í þessum kafla er sagt frá bekkjarhátíð sem börnin halda í lok kynninganna á verkefnunum. Hægt er bjóða foreldrum og forráðamönnum. Nemendur geta kynnt sjálfa sig eða sagt frá persónum bókarinnar. Tilvalið er að biðja nemendur og foreldra að setja saman mat á hlaðborð sem tengist þeirra siðum og venjum.

Trúarbrögðin okkar bls. 38–39

Helgirit

Á þessum tveimur blaðsíðum er sagt frá helstu trúarritum þessara fimm trúarbragða. Gaman getur verið að skipta nemendum í hópa og láta þá fönðra forsiður hinna mismunandi bóka.

Búddasiður: Körfurnar þrjár eða Tripitaka. Gera þrjár körfur úr pappír eða efni. Setja blöð í körfurnar sem eru táknræn fyrir hverja körfu; körfu agans, körfu fyrirlestra og körfu lífsspeki.

Kristni: Biblían, Gamla og Nýja testamenti. Svart A4 karton er brotið í tvennt og framan á er límdur gylltur kross. Nemendur skrifa með gullpenna Biblía fyrir ofan krossinn. Inn í bókina er límt eða heft ljóst blað. Öðru megin skrifa nemendur Gamla testamenti og hinum megin Nýja testamenti. Hægt er að myndskreyta með myndum úr Biblíunni eða skrifa nokkur orð um testamentin.

Islam: Kóraninn. Rautt karton í A4 stærð er brotið saman. Framan á bókina skrifa nemendur Kóran og skreyta í kring með gullpenna. Í kennsluleiðbeiningum eftir Guðlaugu Björgvinsdóttur með námsbókinni Islam – að lúta vilja Guðs er að finna margar góðar vefsíður um islam og Kóraninn. Á þessari slóð <http://www.indiana.edu/~rcapub/v21n1/koran.gif> birtist mynd af opnu í Kóraninum sem hægt er að prenta út og hafa inni í bókinni eða teikna eftir. Nafn Allah á arabísku er að finna á <http://falahedarain.org/ALLAH.JPG> Nafnið má teikna á bókina eða prenta það út og líma á kartonið. Mynd af Kóraninum má finna á <http://pvcentre.agava.ru/publ/vneser/pics/koran.jpg>

Gyðingdómur: Helgirit gyðinga, Tóra, er að finna í samkunduhúsum inni í stórum skáp sem kallaður er örk. Bókin er afar sérstök þar sem mjög löngu blaði með textanum, er rúllað af einu trékefli yfir á annað. Nemendur geta útbúið eftirgerð af bókrollum með því að líma saman blöð og líma enda langa blaðsins á kefli sem búið er til úr tréstöngum, t.d. gardínustöngum. Gott er að leita til smíðakennarans með þessa vinnu. Nemendur geta skrifað sögur úr Gamla testamenti Biblíunnar á blöðin og myndskreytt. Tóra varðveitir sömu sögur og frásagnir og Gamla testamentið.

Hindúatrú: Helgirit eru mjög mörg. Elstu bækurnar heita Vedabækur og eru þær taldar með elstu frásögnum í heimi. Til þess að leggja áherslu á það, má taka ljós blöð og nudda þau með blautum tepokum. Þá líta blöðin út fyrir að vera mjög gömul. Þegar blöðin eru orðin þurr er skrifað framan á bókina: Veda-bækur og inn í er hægt að skrifa vers eða teikna myndir. Einnig má spreyta sig á því að teikna táknið Ám. Ef slegið er upp orðunum hindu om á leitarvef www.google.com birtast fjölmargar myndir af táknuinu sem upplagt er að prenta út.

Trúarbrögðin okkar bls. 40

Samfélag

Á þessari síðu er talað um bænahús eða þau hús sem tilheyra ákveðnum trúarsamfélögum. Nemendur hafa alltaf gaman af húsbyggingum og af því að vinna í þrívídd. Skipta má nemendum í hópa sem vinna að mismunandi húsbyggingum. Einn hópurinn býr til kirkju, annar mosku, þriðji sýnagógu, fjórði búddahof og sá fimmti hindúamusteri. Byggingarnar er hægt að vinna úr pappakössum, klósettrúlluhólkum, pappír, lími o.s.frv. Einnig má vinna byggingarnar úr leir. Tilvalið er að vera í samvinnu við list- og verkgreinakennara skólans. Myndir af kirkjulegum byggingum er hægt að finna á leitarvefnum www.google.com undir myndir.

Trúarbrögðin okkar bls. 41

Föt

Klæðaburður er misjafn eftir trúarbrögðum og menningarheimum. Á þessari síðu er sagt frá fötum sem tengjast trúarbrögðum sérstaklega. Hægt er að skoða myndir með nemendunum frá Íslandi eða fjarlægum löndum með það í huga að finna út hvort

einhverjir á myndunum klæðist fötum sem tengjast trúarbrögðum. Tímarit eins og t.d. National Geographic geta komið þarna að góðum notum. Eins fréttavefir; BBC, visir.is o.fl.

Nemendur hafa oft gaman af því að föndra dúkkulísur og föt á þær. Hægt er að búa til fulltrúa trúarbragðanna og föt sem tengjast þeim. Í þessum kafla er gott að vera í samvinnu við kennara í textílmennt.

Trúarbrögðin okkar bls. 42–43

Matur, tákn, trú og von

Matur

Á þessum síðum er talað örstutt um matarvenjur sem tengjast trúarbrögðum, einnig tákn og síðan er lauslega fjallað um tilvistarspurningar um líf og dauða. Hægt er að dýpka þessa vinnu ef kennari hefur áhuga á því. Í samvinnu við heimilisfræðikennara má skoða uppskriftabækur eða fá sendar uppáhaldsuppskriftir að heiman sem tengjast trú eða trúarhátíðum á einhvern hátt. Þá er upplagt að fá að elda matinn í heimilisfræðitíma eða gefa út uppskriftabók bekkjarins með uppáhaldsuppskriftum barnanna.

Tákn

Í umfjölluninni um táknin er gaman fyrir börnin að fá að glíma við að teikna upp þessi fimm aðaltákn á bls. 43. Nemendur teikna táknin í vinnubók eða á karton þar sem gera má fallegan ramma utan um þau. Ein útfærsla á þessu verkefni er að gera hálsmen úr fimm leirperlum og leðuról. Á hverja leirperlu er grafið eitt tákn. Hver nemandi gerir hálsmen með fimm leirperlum. Hvert hálsmen er táknrænt fyrir ein trúarbrögð. Mælt er með samvinnu við myndmenntakennara í þessu verkefni. Hægt er að gera öskjur utan um hálsmenið. Þá er tilvalið að nota box með loki sem nemendur koma með að heiman, t.d. undan osti. Nemendur líma efni á boxið og skreyta með pallíettum, perlum og borðum. Hálsmenið er síðan geymt í öskjunni.

Trú og von

Í kaflanum um trú og von er örlítið fjallað um þær tilvistarspurningar sem trúarbrögðin leitast við að svara. Ekki er mælt með því að fara í mjög flóknar útskýringar eða miklar umræður um þessa hluti við ung börn. Samt sem áður er mikilvægt að leyfa nemendum að velta textanum fyrir sér og koma með þær spurningar og vangaveltur sem liggja þeim á hjarta.

Trúarbrögðin okkar bls. 44–45

Ein stór fjölskylda og heimskort

Lok bókarinnar endurspeglar þá ósk manna að mannkynið geti lifað í sátt og samlyndi. Reynslan sýnir okkur að sú er ekki raunin í dag. En með því að ala komandi kynslóðir upp í þeirri hugsun að umburðarlyndi og kærleikur sé það sem skiptir mestu máli í samskiptum fólks er það von höfundar að draumurinn um frið á jörð verði að veruleika á komandi tíð.

Heimskortið á bls. 45 getur kallað á rannsóknarvinnu nemenda. Hægt er að heimfæra litina og tákinn á stærra kort eða hnött af heiminum. Athuga skal að heimskortið er ekki nákvæmt en gefur nokkra mynd af dreifingu trúarbragðanna fimm um heiminn. Ef kennari velur að vinna með heiminn, eða heimskort, er hægt að láta nemendur gera eftirmyndir af fólki (brúður, dúkkulísur, teikningar) af öllum stærðum og gerðum með mismundandi húðlit. Sýna má fólkið haldast í hendur og mynda hring í kringum hnöttinn til þess að leggja á það áherslu að allir geta búið og eiga að búa í sátt og samlyndi.

Fílaþema

Fílar eru dýr sem gaman er að fræðast um og rannsaka. Ef kennari hefur áhuga á því að vinna með fíla með nemendum er hér að finna tvær sögur þar sem fílar koma við sögu. Önnur sagan er úr hindúatrú, um guðinn með filshöfuðið og hin úr búddatrú þar sem sagt er frá fæðingu Búdda.

Guðinn Ganesh – með filshöfuðið

Guðinn Shiva og fallega konan hans, gyðjan Parvati, áttu heima uppi í fjöllum. Þau elskuðu hvort annað mjög mikið og voru hamingjusöm saman. En Shiva var oft að heiman heilu árin og aumingja Parvati var einmana þegar hann var í burtu og henni leiddist að bíða þess að hann kæmi til baka. Dag einn sat Parvati inni í höllinni og vorkenndi sjálfri sér. Hver var tilgangurinn með því að vera gyðja ef hún þyrfti að vera ein alla daga, hugsaði hún með sjálfri sér. Allt í einu datt henni nokkuð í hug. Nú veit ég, hugsaði hún og brosti út að eyrum. Ég bý mér til barn. Það mun veita mér gleði og félagsskap. Parvati blandaði vatni út í mold og bjó þannig til mjúkan leir. Síðan mótaði hún dreng úr leirnum. Hún lét á hann hendur, fætur og höfuð. Hún mótaði augu hans, nef og munn. Að lokum hellti hún vatni yfir barnið úr hinu helga fljóti Ganges og vakti þannig barnið til lífs. Ofurhægt opnaði barnið annað af stóru brúnu augunum sínum. Síðan opnaði það hitt augað og brosti. Parvati var himinsæl og upp frá þeim degi skildi hún drenginn, sem hún kallaði Ganesh, aldrei við sig.

Nokkur ár liðu áður en Shiva kom aftur heim en Parvati hafði nóg fyrir stafni þar sem hún hafði son sinn til þess að hugsa um. Hún hafði engan tíma til þess að láta sér leiðast. Dag nokkurn fóru Parvati og sonur hennar í göngutúr. Það var mjög heitt þennan dag og Parvati stoppaði til þess að kæla sig í kaldri fjallalind. Hún bað Ganesh að standa á verði svo enginn gæti séð hana baða sig. Drengurinn settist á nálægan stein. Nokkrum mínútum síðar gekk hávaxin persóna fram hjá honum. Það var Shiva sjálfur að flýta sér heim til þess að hitta konu sína. Shiva hafði heyrt söng frá lindinni og þekkti rödd Parvati en nú stóð ókunnugur lítill drengur í vegi fyrir honum.

- Hleyptu mér fram hjá þér, sagði hann með skipandi röddu.
- Það leyfi ég ekki, sagði drengurinn. Shiva var vanur að fá sínu framgengt og varð nú reiður við drenginn.
- Nú segi ég þetta í síðasta skiptið. Hleyptu mér fram hjá þér!
- Það geri ég ekki, sagði drengurinn. Nú var Shiva orðinn ævareiður. Eins og hendi væri veifað tók hann upp sverð og hjó höfuðið af drengnum.

Þegar Parvati sá hvað hafði gerst fór hún að hágráta.

- Þú ert vondur, öskraði hún til Shiva. Þú hefur drepið okkar eigin son.
- Hvaða son? spurði Shiva. Við eigum engan son.
- Ekki lengur, grét Parvati. Síðan útskýrði hún fyrir honum hvað hún hafði gert. Ég varð svo einmana að ég bjó til barn. Nú hefur þú drepið það. Shiva varð miður sín. Hvernig gat hann bætt ráð sitt. Hann sem elskaði Parvati svo heitt og hann þoldi ekki að sjá hana svona sorgmædda. Hann lofaði að gera hvað sem væri svo að Parvati gæti tekið gleði sína á ný.
- Ef þú nærð ekki að endurlífga son okkar, sagði Parvati, mun ég aldrei tala við þig frammar. Shiva fór af stað niður af fjallinu og inn í skóg í von um að finna nýtt höfuð fyrir son sinn. Fyrsta skepnan sem varð á vegi hans var tígulegur fill. Hann skar höfuðið af fílnum og fór með heim. Þar festi hann filshöfuðið á bók drengsins. Varlega blés hann lífi í litla drenginn. Parvati varð glöð á ný.
- Nú verður þú bæði vitur og sterkur eins og fill, sagði hún við drenginn sinn og brosti. Þetta er sagan af því hvernig guðinn Ganesh fékk filshöfuðið sitt.

(Þýðing úr bókinni, *Hindu Stories*, eftir Anitu Ganeri)

Fæðing Búdda

Fyrir langa löngu réðu konungurinn Suddhodana og drottningin Maya yfir litlu konungsríki í Norður-Indlandi. Þau bjuggu í glæsilegri höll í borginni Kapaliavastu sem var höfuðborg konungsríkisins.

Nótt eina dreymdi drottninguna draum. Hvítt ljós skein frá himni. Út úr ljósinu kom fill með lótusblóm í rananum. Þegar drottningin vaknaði mundi hún drauminn greinilega og hún velti því fyrir sér hvað hann gæti þýtt. Konungur fékk fjóra ráðgjafa sína til þess að ráða drauminn.

– Ó, yðar hágöfgi, sögðu ráðgjafarnir. Við færum frábærar fréttir. Drottningin mun fljótlega ala son og hann mun verða mjög mikill maður og góðhjartaður. Fagnið nú og verið glöð.

Þegar kom að því að barnið fæddist, ferðaðist drottning til föðurhúsa sinna en það var venja á þessum tíma. Á leiðinni stoppaði hún í garði til þess að hvíla sig. Skrautleg blóm voru í garðinum, ávaxtatré, fuglar og býflugur. Á þessum fallega stað fæddist sonur hennar. Atburður þessi gerðist á fallettri vörnótt í maí. Máninn skein hátt á lofti og stjörnurarnar sindruðu á himninum. Englar flugu niður á jörðina og lögðu fínlegt sjal yfir barnið og létu fallettum, ilmandi rósablöðum rigna yfir það. Jarðskjálfti skók jörðina og bjart ljós lýsti upp heiminn. Trén í garðinum blómguðust. Um allt land fann fólk fyrir friði og gleði og gleymdi áhyggjum sínum og sorgum. Það var vegna þess að þetta var ekkert venjulegt barn sem hafði fæðst. Konungurinn og drottningin nefndu son sinn Siddharta en nafnið hefur merkinguna; sá sem ber með sér það góða.

Þetta er sagan um fæðingu Búdda.

(Þýðing úr bókinni, *Buddhist Stories*, eftir Anita Ganeri).

Orðabanki með útskýringum

Búddatrú

Tæland: Land í Suðaustur-Asíu.

Búddisti: Persóna sem aðhyllist búddatrú.

Búdda: Nafn á upphafsmanni búddatrúar.

Altari: Borð sem geymir trúarlega hluti.

Reykelsi: Blanda af efnum sem ilma þegar þau brenna.

Bænir: Trúarleg orð og setningar sem persóna segir um leið og hún biður einhvers eða þakkar.

Búddamunkur: Maður eða kona (nunna) sem helgar líf sitt trúarbrögðunum.

Kufl: Sérstakur klæðnaður, nk. kápa.

Blessun: Kveðja heilagrar eða vígðrar persónu sem trúað er að færi gæfu.

Búddahof: Trúarleg bygging búddista.

Búddaklaustur: Heimili búddamunka og -nunna.

Búddadagur: Hátíð á fæðingardegi og dánardegi Búdda.

Safnaðarstarf: Starf sem unnið er af söfnuði, þ.e. fólkinu sem rækir trúarbrögðin.

Hindúatrú

Indverska: Tungumálið sem talað er í Indlandi.

Hindúi: Persóna sem aðhyllist hindúatrú.

Alheimsguð: Einn Guð sem sameinar alla hina í hindúatrú.

Bhagavad Gíta: Margir telja þá bók innihalda kjarnann í hindúatrú.

Mahabharata: Langur ljóðabálkur sem inniheldur trúarlegan og siðferðilegan boðskap.

Oliúlampi (diya): Sérstakur oliúlampi sem notaður er í hindúatrú.

Bænahús: Trúarhús hindúa þar sem hægt er að ganga inn hvenær sem er og biðja bænir.

Musteri: Hof eða trúartengd bygging.

Áin Ganges: Rennur í gegnum Indland. Áin hefur trúarlega þýðingu fyrir hindúa.

Heilagur: Það sem er heilagt eða sá sem er heilagur, hefur mikla trúarlega þýðingu.

Sarí: Sérstakur hátíðarklæðnaður kvenna á Indlandi og hindúa um allan heim.

Vefjarhöttur: Höfuðfat karlmannna sem er vafið um höfuðið.

Blómsveigur: Blómakrans.

Orðið ám: Trúartákn hindúa (sjá umfjöllun um ám í fræðitexta).

Ljósahátíð (dívali): Ein af trúarhátíðum hindúa.

Rangoli-munstur: Sérstakt munstur (sjá kafla um rangolí í kennsluleiðbeiningunum um hindúatrú fyrir miðstig).

Gyðjan Lakshmi: Í hindúatrú er að finna guði og gyðjur og Lakshmi er ein gyðjanna (sjá fræðitexta í kaflanum um hindúatrú).

Hátíðin holi: Ein af trúarhátíðum hindúa.

Kristni

Kristin trú: Fólk sem trúir á Guð, Jesúm Krist og heilagan anda er kristinnar trúar.

Heilagur andi: Hluti af hinum þríeina guði er heilagur andi.

Messa: Trúarathöfn kristinna manna.

Biblía: Trúarbók kristinna manna.

Kross: Tákn kristinna manna.

Krossmark: Að gera krossmark með annarri hendinni. Táknræn athöfn.

Skírn: Vígsla barns inn í kristinn söfnuð.

Ferming: Staðfesting á því að ætla að vera kristinnar trúar.

Jól: Fæðingarhátíð Jesú Krists.

Páskar: Upprisuhátíð Jesú Krists.

Islam

Marokkó: Land í Afríku.

Múslimi: Sá sem aðhyllist islam.

Arabíska: Tungumál sem arabar tala.

Múhameð: Spámaður islam.

Kóraninn: Trúarbók islam.

Statíf: Nk. standur sem Kóraninn er látinn liggja á.

Moska: Trúarleg bygging múslima. Þar fara fram samkomur þeirra.

Bænamotta: Múslimar krjúpa á sérstökum bænamottum þegar þeir biðjast fyrir.

Blæja: Slæða.

Hjálparstofnun: Fyrirtæki sem halda utan um hjálparstarf víðs vegar í heiminum.

Hvíldardagur: Dagur þar sem vinnandi fólk tekur sér frí skv. trúnni.

Ramadan: Mánuður þar sem múslimar fasta.

Fasta: Að neita sér um mat á ákveðnum tíma.

Föstulokahátíð: Hátíð múslima í lok ramadan.

Gyðingdómur

Gyðingur: Persóna sem aðhyllist gyðingdóm.

Tóra: Trúarbók gyðinga.

Ættfaðir: Sá elsti í ættinni.

Mósebækur: Í þeim er að finna sögur ættfeðranna. Þær sömu eru í Gamla testamenti Biblíunnar og Tóra.

Sýnagóga: Trúarleg bygging gyðinga og bænahús.

Örk: Eftirmynd af sáttmálsörkinni sem var geymd í musterinu í Jerúsalem. Skápur í sýnagógunni.

Inni í örkinni er trúarbókin, Tóra, geymd.

Rabbíni: Sá sem leiðir trúarathöfn gyðinga í sýnagógu.

Kippah: Kollhúfa gyðinga.

Bænasjal: Sérstakt sjal sem gyðingar setja yfir herðarnar þegar þeir fara í sýnagógu og biðja.

Davíðsstjarnan: Tákn gyðinga.

Shalom: Kveðja á hebresku sem þýðir friður sé með yður.

Sabbat: Hvíldardagur gyðinga.

Skrín: Lítið ílát.

Bænaskrín: Skrín sem inniheldur skrifaða bæn.

Ljósahátíð eða hanukka: Ein af trúarhátíðum gyðinga.

Hebreska: Fornt tungumál sem gyðingar læra.

Púrím-hátíðin: Ein af trúarhátíðum gyðinga.

Bókalisti og heimildir

- Brown Alan, Langley Andrew. *What I Believe, a Young Person's Guide to the Religions of the World*. 1999. Transedition Ltd. and Fernleigh Books.
- Buller Laura. *A Faith like Mine. A Celebration of the World's Religions through the Eyes of Children*. 2005. Dorling Kindersley Ltd.
- Ganeri Anita. Storyteller: *Buddhist Stories*. 2001. Evans Brothers Limited.
- Ganeri Anita. Storyteller: *Hindu Stories*. 2001. Evans Brothers Limited.
- Ganeri Anita. Storyteller: *Islamic Stories*. 2001. Evans Brothers Limited.
- Ganeri Anita. Storyteller: *Jewish Stories*. 2001. Evans Brothers Limited.
- Gunnar J. Gunnarsson. *Maðurinn og trúin*. 1995. Endurskoðuð 2006. Námsgagnastofnun.
- Guðlaug Björgvinsdóttir. Kennaraefni með bókinni *Islam- að lúta vilja guðs*. 2005. Námsgagnastofnun.
- Hrund Hlöðversdóttir. Kennaraefni með bókinni *Búddhatrú – leiðin til nirvana*. 2005. Námsgagnastofnun.
- Karl Sigurbjörnsson. *Táknmál trúarinnar*. 1993. Skálholtsútgáfa.
- Kindersley Barnabas and Anabel. *Celebrations, Children just like me*. 1997. A DK Publishing books.
- Morris Neil. *The Atlas of Islam*. 2003. Mc Rae Books.
- Sigurður Ingi Ásgeirsson. *Búddhatrú – Leiðin til nirvana*. 2004. *Hindúatrú – Guð í mörgum myndum*. 2005. *Gyðingdómur – Sáttmáli þjóðar*. 2006. Námsgagnastofnun.
- Sigurður Ingi Ásgeirsson. Kennaraefni með bókunum *Hindúatrú – guð í mörgum myndum* og *Gyðingdómur – sáttmáli þjóðar*. 2005 og 2006. Námsgagnastofnun.
- Porkell Ágúst Óttarsson. *Islam – að lúta vilja Guðs*. 2003. Námsgagnastofnun.

Vefslóðir:

www.kirkjan.net - Hér er að finna ýmsan fróðleik um trúfélög á Íslandi og vefsíður þeirra.

www.kirkjan.net/sidur/trufelog.htm - Listi yfir kristin trúfélög á Íslandi.

www.kirkjan.net/sidur/truarbrogd.htm - Listi yfir trúarfélög á Íslandi.

www.kennslaogtru.is - Heimasíða FÉKKST sem er félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum. Á síðunni er að finna heilmikinn fróðleik um trúarbrögð og einnig kennsluhugmyndir. Þá er þar að finna tengingu inn á margar góðar vefsíður um mismunandi trúarbrögð.

Undirsíður á heimasíður FÉKKST eru t.d.

www.multifaiths.com - Vefsíða um mismunandi trúarlegar hátíðir.

www.nemendur.khi.is/gudthors/truarbragdavefurinn/ - Kennsluvefur þeirra Guðnýjar Þorsteinsdóttur og Sigrúnar Eypórsdóttur. Þar er fjallað um gyðingdóm, islam og búddatrú.

www.islam.is - Félag múslima á Íslandi

<http://www.indiana.edu/~rcapub/v21n1/koran.gif> - Mynd af opnu í Kóraninum.

<http://falahedarain.org/ALLAH.JPG> - Nafn Allah á arabísku.

<http://pvcentre.agava.ru/publ/vneser/pics/koran.jpg> - Mynd af Kóraninum.

www.sidmennt.is - Heimasíða félags siðrænna húmanista á Íslandi. Siðmennt er lífsskoðunarfélag manna sem aðhyllast engin trúarbrögð.